

# Reglugjörð

87

16. júní

## um refaveiðar í vesturhluta Þingeyjarsýslu

### 1. gr.

Hreppsnefndir hafa alla stjórn og umsjón refaveiða, hver í sínum hreppi, og útvega refaskyttur, en kjósa mega þær einn mann úr sínum flokki til að hafa á hendi alla framkvæmd refaveiðanna, og nefnist hann refaveiðastjóri.

### 2. gr.

Hver búandi er skyldur að leita grenja í heimalandi ábýlisjarðar sinnar, á hverju vori, en sje land hans notað til uppreksturs fyrir lömb eða geldfje, samkvæmt 4. gr. fjallskilareglugerðarinnar, getur hann kvatt þá, er reka í land hans, til leitarinnar með sjer. Afrjettaeigendur skulu skyldir að gera grenjaleitir í afrjettum þeim, er þeir eiga, og geta þeir kvatt til leitarinnar, á sinn kostnað, svo marga menn sem þurfa þykir, af þeim fjáreigendum, sem reka í afrjettinn.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að grenjaleitir sje gerðar ár hvert, á landssvæði hreppsins.

Nú er einhver afrjettur ónotaður og fæst ekkert afgjald eftir hann; er þá hreppsnefnd heimilt að gera þar grenjaleit, ef þurfa þykir, á kostnað sveitarsjóds.

### 3. gr.

Nú finst gren í afrjetti eða heimalandi, er refar hafa lagst í, og skal tafarlaust skýra refaveiðastjóra frá því, eða skotmanni, ef hann er nær. Skal skotmaður jafnskjótt leggjast á grenið, en ávalt skal einn leitarmanna geyma grenisins þar til skotmaður kemur á það.

### 4. gr.

Brot á móti 2. og 3. gr. varða 5—200 kr. sekt. Nú liggja lönd tveggja hreppa saman, og finst gren á landamærum eða nálægt þeim, og verður ágreininger um, sker þá sýslunefnd úr þrætunni.

### 5. gr.

Nú finst gren, er refar hafa lagst í, annaðhvort í afrjetti eða heimalandi, án þess í leit sje, og er þá finnandi skyldur að skýra næsta búanda frá því, en búandi sá skal tafarlaust skýra næsta skotmanni frá því, eða refaveiðastjóra þeim, sem hlut á að máli. Fær hann sanngjarna borgun fyrir ómak sitt, samkvæmt mati hreppsnefndar.

87

16. júní

6. gr.

Skotmaður er skyldur að fara tafarlaust á gren það, er honum er vísað til, og skal fá annan mann á grenið honum til aðstoðar. Í heimalandi er ábúanda skylt að leggja til meðlegumann, og fær hann í kaup 2 kr. um sólarhring, er greiðast úr sveitarsjóði. En í afrjettum er afrjettareiganda skylt að leggja til meðlegumann. Geri hann það eigi, ræður hreppsnefnd mann til þess á hans kostnað. Sama gildir um heimalönd, sem notuð eru til upprekstrar af öðrum en eigendum.

7. gr.

Eigi má skotmaður umróta greni meira en nauðsyn krefur, en bræla má hann það og eitra til að ná hvolpum, verði þeim ekki náð á annan hátt.

8. gr.

Jafnskjótt sem skotmaður er kominn af greni, skal hann skýra refaveiðastjóra frá, hve lengi hann hefir á greni legið, og hvað unnið, og færa nægar sannanir fyrir. Brjóti skotmaður þær reglur, sem honum eru settar, eða sýni vanrækt og skeytingarleysi við störf sín, hefir hann fyrirgjald, er honum annars ber, að nokkru eða öllu leyti.

9. gr.

Skotmaður fær í laun 3 kr. fyrir hvern sólarhring, sem hann er frá heimili sínu að grenjavinslum. Svo fær hann og hæfilegt endurgjald fyrir fararskjóta til og frá greni, eftir mati hreppsnefndar.

10. gr.

Fyrir alla refi, hvort heldur þeir eru teknir í boga, skotnir við æti eða á viðavangi, sem og fyrir hinn fyrsta ref skotinn við greni, greiðast verðlaun 4 krónur, en 7 krónur fyrir seinni dýrin á hverju greni. Fyrir hvern hvolp sje greidd ein króna.

11. gr.

Nú legst bitvargur á fje manna, annaðhvort á afrjettum eða í heimalöndum, og skal refaveiðastjóri, á hverjum tíma árs sem er, fá skotmann til að eyða þeim bitvargi fyrir ákveðið dagkaup. Heimilt er og hreppsnefnd að heita ákveðnum verðlaunum fyrir að vinna bitvarg, þegar svo á stendur.

12. gr.

Refaveiðastjórar skulu gangast fyrir því að eitrað agn sje borið út fyrir

refi á hverju ári, svo mikið og á svo mörgum stöðum sem þurfa þykir. Vanræki refaveiðastjóri þetta, varðar það sektum eftir 4. gr.

87  
16. júní

13. gr.

Nú liggja afrjettir eða heimalönd tveggja eða fleiri hreppa saman, og skulu þá refaveiðastjórar þeirra hreppa koma sjer saman um, hvernig útburði skuli haga í þeim löndum er saman liggja. Náist ekki samkomulag, sker sýslunefndin úr.

14. gr.

Refaveiðastjóri semur skrá um öll þau gren, er liggja innan takmarka hreppsins, með stuttri lýsingu af legu þeirra og afstöðu. Finnist ný gren, skal bæta þeim á skrána. Rita skal skrá þessa í refaveiðabók hreppsins.

15. gr.

Hver hreppsnefnd hefir sjerstaka refaveiðabók og skal rita í hana — auk skýrslna þeirra, sem nefndar eru í þessari reglugerð — alla reikninga um kostnað við refaveiðar, þá er þeir hafa verið rannsakaðir og samþykktir.

16. gr.

Nú hefir maður í haldi tóuhvolpa eða refi, og sleppa þeir úr haldinu. Skal hann þá sæta sektum frá 5—20 krónur fyrir hvert dýr, er sleppur.

17. gr.

Sektir allar eftir reglugerð þessari renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

18. gr.

Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið, greiðist kostnaður samkvæmt reglugerð þessari úr sveitarsjóði.

### Sjerstakar ákvarðanir.

sem gilda á svæðinu milli Jökulsár í Óxarfirði og Skjálfandafljóts, endurskoðaðar og samþykktar á aðalfundi sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu í febr. 1913.

19. gr.

Á svæðinu milli Jökulsár í Óxarfirði og Skjálfandafljóts, skulu öll verðlaun fyrir dráp refa og borgun fyrir eitur og eiturefni til refadráps, greiðast að rjettri tiltölu (sbr. 21. gr.) af Kelduness-, Tjörness-, Húsavíkur-, Aðaldæla-, Reykdæla-, Skútustaða- og Bárðdælahreppi austan Skjálfandafljóts þannig, að jafnt gjald sje lagt á hverja sauðkind eftir fjárframtali allra fjáreigenda á vorhreppamótum árlega.

Allur refaveiðakostnaður, sem eigi er talinn í 19. gr., greiðist samkvæmt ákvæðum gildandi refaveiðareglugerðar.

## 21. gr.

Refaveiðastjórnir í hreppunum á svæðinu milli Jökulsár og Skjálfanda-fjós skulu í sameiningu hafa á hendi alla framkvæmd, er þessar sjerstöku ákvarðanir útheimta, með tilliti til refaveiðanna, og skulu þeir kjósa einn mann úr sínum flokki sem aðal framkvæmdarstjóra. Skulu refaveiðastjórnir á fundum sínum ákveða, hversu miklu fje verja skuli til eitrunar fyrir refi á hinu umrædda svæði og hvernig. Þeir skulu og skifta hinum árlega sameiginlega kostnaði á hreppana, eftir fjártlsskýrslum frá hreppsnefndunum. Þessu starfi skulu þeir hafa lokið fyrir 20. október ár hvert.

Reikninga hins sameiginlega refaveiðafjelags skal leggja undir úrskurð sýslunefndar Suður-Pingeyjarsýslu á hvers árs aðalfundi.

## 22. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð um refaveiðar í vesturhluta Pingeyjarsýslu frá 15. júní 1893.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Suður-Pingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890 og nr. 36, 24. nóvember 1893, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. ágúst 1915.

**Í stjórnarráði Íslands, 16. júní 1915.**

Í fjarveru ráðherra

**Kl. Jónsson,**

Jón Hermannsson.